

## **Aðalfundur Félags eldri borgara á Akureyri 21. mars 2013.**

Jóhannes Sigvaldason formaður félagsins ávarpaði fundargesti og minntist látinna félaga og það viðstadda að rísa úr sætum til að minnast þessara föllnu félaga okkar.

Aðalfundur Félags eldri borgara 2013 settur. Kosning starfsmanna fundarins þ.e. fundarstjóra og tveggja ritara. Baldvin Bjarnason kosinn fundarstjóri, Kristín Hjálmarsdóttir og Helga Eiðsdóttir ritarar. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og þakkaði fyrir það traust sem honum væri sýnt og gaf Jóhannesi Sigvaldasyni orðið um skýrslu stjórnar.

Stjórnin var þannig skipuð síðasta ár. Formaður kosinn af aðalfundi Jóhannes Sigvaldason að öðru leyti skipti stjórnin með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund þannig: varaformaður Anna Helgadóttir, ritari Kristín Hjálmarsdóttir, gjaldkeri Einar Gunnarsson. Eftir fráfall varaformanns, Önnu Helgadóttur var í ársbyrjun skipt á ný verkum og síðan þá hefur Kristín Hjálmarsdóttir verið varaformaður og Guðbjörg Bjarman ritari. Meðstjórnendur voru Guðbjörg Bjarman þar til í ársbyrjun, Karl Steingrímsson og Svanberg Þórðarson. Varamenn sem eru boðaðir á alla stjórnarfundi voru Kolbrún Kristjánsdóttir, Númi Adólfsson og Aldís Björnsdóttir. Haldnir voru 12 stjórnarfundir þ.e. frá síðasta aðalfundi.

Mestur hluti starfs félagsins er á vegum nefnda, forsvarsmenn þeirra gera grein fyrir störfum þeirra. Nefndirnar eru: skemmtinefnd ásamt kaffinefnd, göngunefnd, ferðanefnd, spilanefnd og fræðslunefnd auk þess hefur starfað á árinu bridgenefnd sem sér um tvímenningskeppni í bridge.

Viðvera á skrifstofu félagsins var hafin í upphafi vetrarstarfs haustið 2007 og hefur síðan verið með stuttu uppihaldi yfir sumarið. Stjórnarmenn skiptast á að vera á skrifstofunni frá kl. 14-16 á fimmtudögum.

Bent á að hægt er að fara í göngu fyrir hádegi í Boganum yfir vetrartímann. Hjúkrunarheimili fyrir aldraða var tekið í notkun á árinu og fékk nafnið Lögmannshlíð. Ný afsláttarbók kom út á árinu 2012 og önnur ný kom núna í mars 2013. Haldin var ráðstefna um heilsueflingu aldraða í Háskólanum á Akureyri og var félagið þátttakandi í þeirri ráðstefnu. Akureyri átti 150 ára afmæli 29. ágúst sl. Félagið skipaði nefnd til að vera til stuðnings við það sem Akureyrarbær hafði í bígerð til að minnast þessara tímamóta. Þá átti félagið okkar 30 ára afmæli í haust og af því tilefni var ákveðið að gera sér dagamun. Haldin var afmælisveisla á Hótel KEA sem tókst vel. Þann 20. ágúst komu gestir úr félagi eldri borgara í Vestmannaeyjum og kór eldri borgara í Mosfellsbæ kom einning í heimsókn.

Árið sem leið var tileinkað öldruðum í Evrópu. Eitt af því sem gert var í tengslum við það var að eldri borgarar fóru í heimsókn í grunnskóla og sátu fyrir svörum hjá ungum nemendum. Við hjá félaginu á Akureyri höfum á haustdögum og á þessu ári farið í heimsókn í nokkra skóla bæjarins og setið fyrir svörum barnanna.

Að endingu þar sem þetta er síðasta skýrslan mín, ég læt frá þessum fundi af formennsku í félaginu, vil ég þakka meðstjórnendum mínum notalegt samstarf

Kvaddur með lófataki.

Gjaldkeri Einar Gunnarsson las áritun skoðunarmanna og útskýrði reikninga félagsins, hagnaður ársins var kr. 523.253.00. Orðið gefið laust um skýrslu stjórnar og reikninga. Enginn tók til máls og var því skýrslan og reikningarnir samþykkt án athugasemda.

Skýrslur nefnda. Formenn nefnda gerðu grein fyrir störfum nefndarmanna sem eru margvísleg. Skýrslur stjórnar og nefnda eru varðveittar í sér möppu hjá félaginu.

Kosningar: Kjósa skal formann til eins árs í stað Jóhannesar Sigvaldasonar sem óskað hefur eftir að hætta formennsku og þrjá til tveggja ára og einn í varastjórn til tveggja ára. Kjósa skal fastanefndir í félaginu. Uppstillinganefnd hefur starfað eins og lög félagsins mæla fyrir. Formaður uppstillinganefndar var fjarverandi, Jóhannes Sigvaldason útskýrir málið en fyrir hefur legið tillaga frá uppstillinganefnd. Ekki komu fram aðrar tillögur og var því sjálfkjörið í allar stöður í félaginu. Tillaga uppstillinganefndar um stjórn og nefndir var sem hér segir:

#### **Stjórn félagsins 2013-2014.**

Aðalstjórn - formaður kosinn til eins árs

Sigurður Hermannsson Skálateig 7

#### **Aðalstjórn - kosning til tveggja ára 2013**

Einar Gunnarsson Þingvallastræti 27

Arnheiður Kristinsdóttir Stekkjartúni 30

Halldór Gunnarsson Klettaborg 35

#### **Aðalstjórn - kosning til tveggja ára 2012**

Karl E Steingrímsson Ásvegi 28

Kristín Hjálmarsdóttir Klettatúni 6

Guðbjörg Bjarman Lindasíðu 5

#### **Varastjórn - kosning til tveggja ára 2013**

Númi Adólfsson Furulundi 35.

Aldís Björnsdóttir Vestursíðu 18.

#### **Varastjórn - kosning til tveggja ára 2012**

Kolbrún Kristjánsdóttir Tjarnagötu 14

#### **Nefndir - kosning til eins árs 2013-2014**

**Skemmtinefnd:** Páll Gíslason, Ásta Axelsdóttir, Björg Dagbjartsdóttir, Birgir Sveinbjörnsson, Elís Sigurðsson, Erna Túliníus og Sveinn Sigurbjörnsson.

**Spilanefnd:** - Ellert Kárason.

**Göngunefnd:** - (fyrir ferðir í Kjarnaskóg), Kolbrún Kristjánsdóttir, Hulda Eggertsdóttir, Jóhanna Jóhannsdóttir og Bára Magnúsdóttir.

**Ferðanefnd:** - Unnur Björnsdóttir, Karl Jörundsson, Hulda Eggertsdóttir, Kolbrún Kristjánsdóttir, Ásdís Árnadóttir og Númi Adólfsson.

**Kaffinefnd:** - Árdís Sigvaldadóttir, Ingigerður Traustadóttir, Sigurveig Einarsdóttir, Marta Gestsdóttir, Sigurlaug Guðvarðardóttir, Vera Sigurðardóttir og Ásta Hallvarðsdóttir.

**Uppstillinganefnd:** - Anna Þorsteinsdóttir, Rafn Gunnarsson, Ófeigur Jóhannesson, Sverrir Valdimarsson og Svava Karlsdóttir.

Kjósa skal tvo skoðunarmenn til eins árs og tvo til vara. Tillaga um aðalmenn Þorsteinn Jónsson, Ásgerður Snorradóttir. Til vara Rúnar Sigmundsson og Guðjón Daníelsson.

Kosning fulltrúa á landsfund L.E.B. sem haldinn verður í Hafnafirði 7.- 8. maí. Tillaga um eftirtalda fulltrúa: Sigurður Hermannsson, Kristín Hjálmarsdóttir, Guðbjörg Bjarman og Einar Gunnarsson og til vara Kolbrún Kristjánsdóttir og Númi Adólfsson. Kosning fræðslunefndar til eins árs. Tillaga um Valgerði Jónsdóttur, Guðbjörgu Bjarman og Magnús Aðalbjörnsson. Kosning nefndar til að sjá um tvímenning í bridge. Tillaga um Jóhannes Sigvaldason og Karl Jörundsson.

Ekki komu tillögur um aðra í þessar nefndir og er því sjálfkjörið.

Nýkjörinn formaður Sigurður Hermannsson ávarpaði fundarmenn og þakkaði fyrir það traust sem honum væri sýnt með því að kjósa hann sem formann. Hvetur hann félagsmenn til að vera áhugasama og taka þátt í því sem félagið er að bjóða uppá.

Tillaga frá stjórn um óbreytt árgjald þ.e. kr. 2000 fyrir árið 2014. Samþykkt samhljóða.

Kristín Hjálmarsdóttir færir Jóhannesi Sigvaldasyni þakkir fyrir 7 ára formennsku og færir honum blómaskreytingu frá félaginu.

Önnur mál. Tillaga kom frá Aðalbjörgu Sigvaldadóttur um að félagið geti veitt félagsmönnum styrki t.d. vegna kaupa á gleraugum o.fl. og var samþykkt að vísa málinu til stjórnar. Dagskrá tæmd. Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir samstarfið og sagði fundi slitið og í framhaldi af því var fundarmönnum boðið að fá sér kaffi.

Þessi vísa til fráfarandi formanns kom fram í lok fundar. Höf: Kristín Gunnarsdóttir

Þér við viljum þakka starfið

þú varst bæði snar og fróður

okkar hag þú ætíð varðir

enda talin drengur góður.

Fundarritarar: Kristín Hjálmarsdóttir og Helga Eiðsdóttir Fundarstjóri: Baldvin Bjarnason

